

**SAMHERJI**

Bankaráð Seðlabanka Íslands

*Pórunn Guðmundsdóttir, formaður
Sveinn Agnarsson, varaformaður
Björn Valur Gíslason
Sigurður Kári Kristjánsson
Þór Saari
Frosti Sigurjónsson
Auður Hermannsdóttir*

Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík

Akureyri, 23. nóvember 2017

Vísað er til fyrri bréfa minna til bankaráðs, dags. í ágúst og september síðastliðnum, svo og tölvupósts þann 8. nóvember, en engin efnisleg viðbrögð hafa borist vegna þeirra. Eru beiðnir mínar í bréfunum og tölvupóstinum hér með ítrekaðar.

Svo sem bankaráði var gert kunnugt með fyrri bréfum mínum staðfesti framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlitsins í tölvupósti að mikilvægum gögnum hefði verið haldið frá Samherja í fjölmörg ár. Með bréfi dags. 26. október sl. afhenti Seðlabankinn loksins hluta þeirra gagna. Rétt er að geta þess að gögnin voru með öllu ónothæf enda búið að afmá þær upplýsingar sem skiptu raunverulegu máli. Skýtur það skökku við að sumar þeirra upplýsinga sem voru afmáðar er að finna í skýrslum bankans og því verður ekki séð í hvaða tilgangi það var gert.

Frá því að Seðlabankinn réðist í húsleit hjá Samherja hef ég lýst því yfir að ásakanir bankans hljóti að byggjast á misskilningi. Eftir því sem frekari upplýsingar hafa fengist um rannsókn Seðlabankans hef ég hallast að því að ásakanirnar byggist ekki á misskilningi heldur annarlegum hvötum. Hefur írekað í gegnum árin verið sýnt fram á rangfærslur í málatilbúnaði bankans án þess að bankinn hafi brugðist við því með neinum hætti, s.s. með því að draga til baka ásakanir eða biðjast afsökunar. Rétti Samherji út sáttarhönd í janúar á þessu ári þegar lagt var til að hefja viðræður um bætur til handa félaginu. Með bréfi dags. 23. janúar tilkynnti bankaráð að það hefði vísað erindinu til seðlabankastjóra. Kom það ekki sérstaklega á óvart í ljósi þess að verksvið bankaráðs virðist ekki vera víðtækara en tjáning persónulegra skoðana manna enda stendur allt og fellur með seðlabankastjóra, hvort sem það er lögmæti eða dagskrá bankaráðsfunda eða afgreiðsla brota í starfsemi bankans. Seðlabankastjóri virti þessi fyrirmæli bankaráðs að vettugi og hafa hefur framkoma bankans áfram sem endranær einkennst af hörku og óbilgirni þar sem ryki er slegið í augu fólk til að fela fyrri afglöp bankans. Niðurstaðan er valdníðsla af verstu sort.

Eitt slíkt dæmi eru ásakanir bankans um að Samherji hafi selt karfa á undirverði. Húsleitarheimildin á sínum tíma var fyrst og fremst fengið á grundvelli þeirra ásakana. Strax og Samherji fékk aðgang að gögnum var unnt að sýna fram á að Seðlabankinn hafði reiknað vitlaust, þ.e. ekki reiknað vegið meðaltal. Vart er hægt að ímynda sér að hún hafi verið gerð óvart af sérfræðingum Seðlabankans sem flestir ef ekki allir hafa háskólagráðu af einhverju

tagi. Með því að reikna ekki vegið meðaltal var hverri sendingu á karfa í raun gert jafn hátt undir höfði, þ.e. sending upp á tuttugu tonn af meðafla eða óunnum afurðum keyptum á markaði voru lagðar að jöfnu við nokkur hundruð kílóa sendingar á unnum karfa.

Sem fyrr segir hefur bankinn ítrekað slegið ryki í augu fólks til að fela afglöp sín og byrjaði bankinn á því um leið og Samherji afhjúpaði hina röngu útreikninga í apríl 2012. Seðlabankinn vann þá nýja skýrslu í stað þess að reyna að verja fyrri útreikninga og var hún send Hæstarétti í maí 2012 og halddi leyndri frá Samherja í heilt ár eða þar til bankinn hafði kært félagið til sérstaks saksóknara.

Fyrstu ásakanirnar voru rangar vegna stærðfræðilegrar villu, svokallaðrar „Simpson's Paradox“ þegar misstórum og eðlisólíkum sendingum var gert jafn hátt undir höfði. Staðreynind er sú að þrátt fyrir fullyröingar seðlabankastjóra um hið gagnstæða eru síðari útreikningar bankans einnig rangir. Rangfærslurnar í síðari skýrslunum bankans byggja hins vegar ekki á stærðfræðilegri villu heldur á alvarlegum aðferðarfræðilegum villum. Hinar annarlegu hvatir forsvarsmanna Seðlabankans birtast meðal annars í því að bankinn fjallar í skýrslum sínum um flesta þá þætti sem hafa áhrif á mat á verði karfa, gerir grein fyrir mikilvægi þeirra og áhrifum sumra, en kýs svo að horfa fram hjá þeim. Það sést t.d. á bls. 2 í skýrslu Seðlabankans frá því í maí 2012, sbr. fskj. nr. 2, en þar segir orðrétt:

„Verð í viðskiptum með karfa eru háð mörgum þáttum svo sem árstíðabundnum sveiflum, gæðum afurðarinnar, sendingarmáta, viðskiptalandi og magni i einstökum viðskiptum. Greiningunni er ætlað að varpa ljósi á verðlagningu Samherja hf. í viðskiptum med karfa út frá tilteknum gögnum, þó ekki sé unnt ad meta áhrif framangreindra þátta að fullu.“

Þetta sýnir að Seðlabankinn hefur frá upphafi vitað að fjölmargir þættir hafa áhrif á verðmyndum karfa. Þá hefur hann haft upplýsingar undir höndum um flesta ef ekki alla þá þætti sem vega þyngst í samanburði. Engu að síður virðist hann hafa kosið að líta algerlega fram hjá þeim.


Í apríl árið 2012 benti Samherji Seðlabankanum á að meiri hluti þess karfa sem félagið flutti út væri fenginn af markaði og að sá karfi sem kæmi af eigin skipum væri meðaflí þar sem félagið stundaði ekki sérstaklega karfaveiðar. Í flestum tilfellum var karfinn keyptur á markaði af verktaka Icefresh GmbH á Íslandi og eina hlutverk Samherja hafi verið að sjá um útflutningspappíra. Þetta hefur Seðlabankinn vitað enda kemur fram í rannsóknarskýrslu bankans, sbr. fskj. nr. 2, að verð í viðskiptum með karfa sem kemur af markaði eða frá öðrum útgerðum uppfylli armslengdarreglur.

Meðal þeirra gagna sem Seðlabankinn halldagði hjá Samherja og tengdum félögum í mars 2012 voru allir sölureikningar og öll fylgiskjöl auk ógrynni annarra gagna. Þá halldagði Seðlabankinn bókhaldskerfi félagsins þar sem auðveldlega var hægt að nálgast allar upplýsingar um verðmyndandi þætti viðskipta með ferskan karfa, s.s. upplýsingar um löndun, vigtun, skilmála, flutning og greiningar. Hafði bankinn því allar tiltækar upplýsingar um sölu, útflutning og markaðssetningu fersks karfa í Þýskalandi og víðar.

Seðlabankinn sendi tugi gagnaöflunarbeiðna til ýmissa annarra útflyttjenda fersks karfa árið 2012 þar sem krafist var sölureikninga vegna karfasölu til Þýskalands að viðlöögðum dagsektum. Auk þess aflaði Seðlabankinn gagna frá embætti Tollstjóra og Fiskistofu. Kaus

Seðlabankinn að óska eftir sölureikningum miðað við tollafreiðsludagsetningar í stað þess að óska eftir sölum á tilteknunum tímabilum. Þetta er grundvallar aðferðafræðileg villa því söludagsetning og tolladagsetning tiltekinnar sendingar geta verið, og eru iðulega, mjög mismunandi. Söluverð ferskra fiskafurða getur breyst á milli daga svo það er augljóst að ef miðað er við tolladagsetningu er verið að „búa“ til niðurstöður sem eru í raun merkingarlausar.

Í raun má segja að bara eitt fyrirtæki á Íslandi á samanburðartímanum í skýrslu Seðlabankans frá því í maí 2012, sbr. fskj. nr. 1, sé samanburðarhæft og það er Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum. Hér fyrir neðan er graf sem tekið er úr framangreindri skýrslu Seðlabankans þar sem búið er að þurrka út upplýsingar annarra fiskútflytjenda.



Á grafinu hér að framan er ekki nokkur leið að halda því fram að verð Samherja sé óeðlilegt samanborið við Vinnslustöðina.

Í greinargerð sem IFS ráðgjöf vann í júní 2013, sbr. fskj. nr. 9, kemur fram sambærileg gagnrýni á að Seðlabankinn hafi í sinni skýrslu, sbr. fskj. nr. 1, leitast við að draga út úr rannsókn sinni Vinnslustöðina sem er sambærilegasti samanburðaraðilinn í greiningu bankans. Orðrétt segir á bls. 8-9 í skýrslu IFS ráðgjafar:

„Í ljósi þess að Vinnslustöðin er e.t.v. líkast Samherja, af þessum útflytjendum fersk heils karfa, er undarlegt að skýrsluhöfundar gjaldeyriseftirlitsins velji að taka fyrirtækið út úr endurreiknuðu meðalverði. Bæði fyrirtækin stunda útgerð og fiskvinnslu auk þess að annast sölu á eigin afurðum. Hlutdeild hvors fyrirtækis í útflutningi afurðarinnar er í kringum 30% og drjúgur hluti framleiðslu beggja félaga er fluttur til Þýskalands.“

Vann Seðlabankinn tvær skýrlur um karfaviðskipti Samherja sem byggt var á þegar bankinn kærði fyrst Samherja og síðar undirritaðan fyrir ranga verðlagningu á karfa að mati bankans. Annars vegar fyrrgreind skýrsla unnin hvítasunnuhelgina 2012 í samvinnu við dr. Vilborgu

Margréti Bjarnadóttur, sbr. fskj. nr. 1, og hins vegar skýrsla sem gjaldeyriseftirlitið útbjó, dags. 10. apríl 2013. Í kjölfar endursendingar sérstaks saksóknara í ágúst 2013 útbjó gjaldeyriseftirlitið til aðra skýrslu, dags. 9. október 2013, sem sögð var hafa fylgt kæru á hendur mér persónulega þann 9. september 2013. Var sú skýrsla að öllu leyti samhljóða þeiri fyrri utan við að bætt hafði verið við kafla um af hverju ég ætti að bera ábyrgð á viðskiptunum.

Rétt er að hafa í huga að hvorki sérstakur saksóknari né skattrannsóknarstjóri sáu ástæðu til að aðhafast nokkuð vegna karfaviðskipta Samherja né heldur að rökstyðja það.

Tilvísuð gögn fylgja bréfi þessu.

Er hér með óskað eftir að ég, ásamt samstarfsmönnum, fái fund með bankaráði þar sem bankinn veiti svör við eftifarandi spurningum ásamt því að ég fái tækifæri til að skýra mál mitt og Samherja betur.

- Samherji vakti athygli á því í kröfu til héraðsdóms þann 18. apríl 2012, sbr. bls. 6 í fskj. nr. 3 og bls. 3 í fskj. nr. 4, að karfi væri aðeins meðafli skipa Samherja og að stærstur hluti karfa sem Samherji flutti út kæmi af markaði. Í kafla 11.1 á bls. 76 í rannsóknarskýrslu Seðlabankans, sbr. fskj. nr. 2, kemur fram að hægt sé að rekja einstakar línum á sölureikningum Samherja til Icefresh GmbH til ákveðinna innkaupa með hjálp fylgiskjala sem eru innkaupapantanir (þegar fiskurinn kemur frá öðrum útgerðaraðila eða af fiskmarkaði) eða uppgjörslistar veiðiferða (þegar fiskurinn kemur frá eigin skipum). Jafnframt segir að líklegt sé að þegar félagið kaupi fisk af ótengdum útgerðaraðilum eða af fiskmörkuðum séu viðskiptin á grundvelli almennra kjara í viðskiptum óskyldra aðila.

- Þrátt fyrir framangreint, var Samherji og síðar undirritaður kærður til embættis sérstaks saksóknara fyrir allan karfann, óháð því hvort hann kom af eigin skipum eða frá þriðja aðila. Á hverju byggði sú ákvörðun?**

| Tilvik | Uppruni | Magn | Hlutfall |
|--------|--------------------|--------|----------|
| 59 | Markaður | 9.882 | 100% |
| 60 | Markaður | 32.453 | 98% |
| | Björgúlfur | 153 | 0% |
| | Aðrir | 406 | 1% |
| | | 33.012 | |
| 61 | Björgúlfur | 1.343 | 6% |
| | Aðrir | 9.724 | 41% |
| | Þorvarður Lárusson | 12.798 | 54% |
| | | 23.865 | |
| 62 | Markaður | 8.355 | 100% |
| 63 | Markaður | 5.235 | 24% |

| | | |
|------------|---------------|-----|
| Björgúlfur | 327 | 1% |
| Aðrir | 16.659 | 75% |
| | 22.221 | |

| | | | |
|---------|--------------------|---------------|-------|
| Samtals | Markaður | 55.925 | 57,5% |
| | Björgúlfur | 1.823 | 1,9% |
| | Aðrir | 26.789 | 27,5% |
| | Þorvarður Lárusson | 12.798 | 13,1% |
| | | 97.335 | |

2. Í skýrslum sínum, sem lágu til grundvallar kærum til sérstaks saksóknara, byggir Seðlabankinn á dagsetningum tollafreiðsluskýrslu en ekki á dagsetningum sölureiknings. Í rökstuðningi fyrir þessu segir Seðlabankinn á bls. 6-7 í kafla 7.2. í rannsóknarskýrslunni, sbr. fskj. nr. 2, að fundið hafi verið 15 daga samanburðartímabil fyrir hverja sendingu Samherja með því að skoða tollafreiðsludagsetningar sjö daga fyrir og sjö daga eftir sérhverja sendingu á vegum Samherja. Nefndi bankinn að nokkuð geti munað á tollafreiðsludagsetningu og dagsetningu á sölureikningi en bankinn „gerði ráð fyrir að tollafreiðsludagsetning endurspeglæði tímasetningu útflutningsviðskiptanna“ enda bæri að skila inn útflutningsskýrslum áður en viðskiptin færðu fram. Hafa skal í huga að verð á ferskum fiski getur sveiflast mjög mikil á skömmu tímabili og spila þar margir þættir inn í. Engu að síður virðist bankinn hafa talið mikilvægara en að hafa raunverulega samanburðarhæfar sölur að miða samanburðartímabilið við tollafreiðsludagsetningu því þannig væri komist hjá því að krefja aðra útflutningsaðila um upplýsingar um alla útgefna sölureikninga þeirra og þannig gætt meðalhófs. Í töflum við hvert og eitt tilfelli, sbr. kafli 9.2 í rannsóknarskýrslunni, sést að í öllum tilvikum eru söladagsetningar, bæði hjá Samherja og samanburðaraðilum, annað hvort áður eða í síðasta lagi sama dag og tollskýrslan. Í sumum tilvikum er munur á söladagsetningu og dagsetningu tollafreiðsluskýrslu á annað hundrað dagar.

- a. Þrátt fyrir að hafa sölureikninga, bæði Samherja og samanburðaraðila, undir höndum, kaus Seðlabankinn að miða við tollafreiðsludagsetningu jafnvel þó greina mætti að salan hefði átt sér stað utan samanburðartímabilsins. Óskað er rökstuðnings fyrir því af hverju þeirri aðferðarfræði var beitt þegar um var að ræða sölu á ferskum karfa.

| Tilvik 59 | | | | | | |
|------------------|-----------|-------------------|------------------|--------|--------------------------|---------------------------|
| Seljandi | Kaupandi | Tollafreiðsludag. | Dags. Sölureikn. | Frávik | Meðaltal frávika >7 daga | Heildarvirði á sölureikn. |
| Fiskvangur hf | Odin | 1.9.2010 | 18.8.2010 | -21 | | 38.171,41 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 2.9.2010 | 19.8.2010 | -20 | | 9.629,30 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 2.9.2010 | 22.7.2010 | -48 | | 16.660,52 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 2.9.2010 | 13.8.2010 | -26 | | 13.220,70 |
| Nastar ehf | West fish | 6.9.2010 | 27.8.2010 | -12 | | 12.222,93 |
| Fiskvangur hf | Odin | 7.9.2010 | 25.8.2010 | -14 | | 48.963,50 |
| Nastar ehf | West fish | 7.9.2010 | 2.9.2010 | -6 | | 24.575,15 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 7.9.2010 | 23.8.2010 | -16 | | 41.693,70 |
| Samherji hf. | IFS GmbH | 8.9.2010 | 8.9.2010 | 0 | -23 | 11.115,21 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 8.9.2010 | 20.8.2010 | -19 | | 14.689,56 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 13.9.2010 | 26.8.2010 | -13 | | 7.705,18 |
| | | | | | | 5.561 |
| | | | | | | 1,39 |

| Tilvik 60 | | | | | | |
|------------------|-----------|-------------------|------------------|--------|--------------------------|---------------------------|
| Seljandi | Kaupandi | Tollafreiðsludag. | Dags. Sölureikn. | Frávik | Meðaltak frávika >7 daga | Heildarvirði á sölureikn. |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 13.9.2010 | 26.8.2010 | -22 | | 7.705,18 |
| Fiskvangur hf | Odin | 16.9.2010 | 1.9.2010 | -16 | | 64.961,74 |
| Samherji hf. | IFS GmbH | 17.9.2010 | 17.9.2010 | 0 | -19 | 42.989,69 |
| Nastar ehf | West fish | 20.9.2010 | 15.9.2010 | -2 | | 11.040,52 |
| | | | | | | 5.842 |
| | | | | | | 1,89 |

| Tilvik 61 | | | | | | |
|---------------|-----------|-------------------|------------------|--------|--------------------------|---------------------------|
| Seljandi | Kaupandi | Tollafreiðsludag. | Dags. Sölureikn. | Frávik | Meðaltak frávika >7 daga | Heildarvirði á sölureikn. |
| Fiskvangur hf | Odin | 16.9.2010 | 1.9.2010 | -21 | | 64.961,74 |
| Nastar ehf | West fish | 20.9.2010 | 15.9.2010 | -7 | | 11.040,52 |
| Samherji hf. | IFS GmbH | 22.9.2010 | 22.9.2010 | 0 | -23 | 38.304,55 |
| Nastar ehf | West fish | 28.9.2010 | 22.9.2010 | 0 | | 15.685,75 |
| | | | | | | 7.800 |
| | | | | | | 2,01 |

| Tilvik 62 | | | | | | |
|--------------------|-----------|-------------------|------------------|--------|--------------------------|---------------------------|
| Seljandi | Kaupandi | Tollafreiðsludag. | Dags. Sölureikn. | Frávik | Meðaltak frávika >7 daga | Heildarvirði á sölureikn. |
| Nastar ehf | West fish | 28.9.2010 | 22.9.2010 | -13 | | 15.685,75 |
| Ísfélag Vestm. hf. | Isey | 30.9.2010 | 1.9.2010 | -34 | | 30.248,74 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 30.9.2010 | 13.9.2010 | -22 | | 10.470,20 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 30.9.2010 | 13.9.2010 | -22 | | 12.255,80 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 30.9.2010 | 10.9.2010 | -25 | | 12.017,95 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 1.10.2010 | 16.9.2010 | -19 | | 11.121,60 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 1.10.2010 | 16.9.2010 | -19 | | 14.356,75 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 1.10.2010 | 16.9.2010 | -19 | | 16.936,66 |
| Fiskvangur hf | Odin | 4.10.2010 | 8.9.2010 | -27 | | 50.812,00 |
| Fiskvangur hf | Odin | 4.10.2010 | 22.9.2010 | -13 | | 51.705,80 |
| Fiskvangur hf | Odin | 4.10.2010 | 15.9.2010 | -20 | | 67.498,05 |
| Bergr-Huginn ehf. | Odin | 5.10.2010 | 9.9.2010 | -26 | | 11.166,00 |
| Bergr-Huginn ehf. | Odin | 5.10.2010 | 26.8.2010 | -40 | | 21.057,80 |
| Bergr-Huginn ehf. | Odin | 5.10.2010 | 2.9.2010 | -33 | | 35.092,30 |
| Bergr-Huginn ehf. | Odin | 5.10.2010 | 21.4.2010 | -167 | | 23.009,55 |
| Bergr-Huginn ehf. | Odin | 5.10.2010 | 3.8.2010 | -63 | | 59.709,04 |
| Samherji hf. | IFS GmbH | 5.10.2010 | 5.10.2010 | 0 | -32 | 11.867,09 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 5.10.2010 | 23.9.2010 | -12 | | 14.547,30 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 5.10.2010 | 23.9.2010 | -12 | | 13.690,85 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 5.10.2010 | 27.9.2010 | -8 | | 18.226,15 |
| Bergr-Huginn ehf. | Odin | 11.10.2010 | 19.8.2010 | -47 | | 38.501,81 |
| Nastar ehf | West fish | 11.10.2010 | 29.9.2010 | -6 | | 8.621,34 |
| Nastar ehf | West fish | 12.10.2010 | 6.10.2010 | 1 | | 18.312,00 |
| | | | | | | 9.156 |
| | | | | | | 2 |

| Tilvik 63 | | | | | | |
|--------------------|-----------|-------------------|------------------|--------|--------------------------|---------------------------|
| Seljandi | Kaupandi | Tollafreiðsludag. | Dags. Sölureikn. | Frávik | Meðaltak frávika >7 daga | Heildarvirði á sölureikn. |
| Ísfélag Vestm. hf. | Isey | 28.10.2010 | 12.10.2010 | -17 | | 18.643,36 |
| Ísfélag Vestm. hf. | Isey | 28.10.2010 | 5.10.2010 | -24 | | 17.545,70 |
| Samherji hf. | IFS GmbH | 29.10.2010 | 29.10.2010 | 0 | -17 | 33.508,52 |
| Fiskvangur hf | Odin | 1.11.2010 | 20.10.2010 | -9 | | 47.696,00 |
| Fiskvangur hf | Odin | 1.11.2010 | 13.10.2010 | -16 | | 53.784,00 |
| Nastar ehf | West fish | 2.11.2010 | 20.10.2010 | -9 | | 37.595,16 |
| Nastar ehf | West fish | 3.11.2010 | 27.10.2010 | -2 | | 25.717,12 |
| Vinnslustöðin hf | Isey | 3.11.2010 | 4.10.2010 | -25 | | 9.569,60 |
| | | | | | | 7.815 |
| | | | | | | 1,22 |

- b. Þrátt fyrir að í sumum tilvikum, sbr. t.d. tilvik 62 í kafla 9.2.62 á bls. 42-43 í rannsóknarskýrlunni, séu aðrir fiskútflytjendur með lægra verð, eða

verð sem getur ekki talist annað en innan skekkjumarka, er Samherji talinn vera í broti. Hvernig má það vera?

- c. Á bls. 9-10 í kafla 9.1 í rannsóknarskýrslunni kemur fram að í mörgum tilvikum hafi komið í ljós að aðrir útflyttjendur en Samherji höfðu skilað tollútflutningsskýrslum til embættis Tollstjóra fyrir fleiri en eina sölu í einu. Þegar horft er til upplýsinga úr útflytningsskýrslum fyrir heilan karfa tímabilið október til desember 2011, sem Seðlabankinn vísaði til í húsleitarbeiðnum sínum, sést að gengi hvers gjaldmiðils gat verið misjafnt á einum og sama tollafreiðsludeginum. Sést það einnig þegar allar sölur sérhvers samanburðaraðila á sama tollafreiðsludeginum eru bornar saman. Bentí það að mati Seðlabankans ekki til þess að ekki væri um samanburðarhæfar dagsetningar að ræða?
3. Í minnisblaði sem fylgdi bréfi til bankaráðs, dags. 13. maí 2016, sbr. fskj. nr. 5, eru upplýsingar um mismun á því hvort þyngd í útflytningsviðskiptum miði við heimavigt eða vigtun erlendis. Á þeim tíma sem viðskiptin sem kærð voru áttu sér stað voru í gildi reglur um álag til aflamarks ef botnfiskafla var fluttur óunninn á markað erlendis. Fasta álagið sem sett var á þessum tíma nam 5%.¹ Ástæðan fyrir þessu álagi var einkum að hvetja til vinnslu og sölu hér á landi og sú staðreynd að fiskur rýrnar nokkuð á þeim tíma sem líður frá því að hann er veiddur og þar til hann er vigtaður og almennt líður lengri tími þar á milli þegar aflinn er vigtaður erlendis. Til þess að bera saman ólíka vigtun þarf því að leiðréttu fyrir þessum mismun, sbr. fskj. nr. 6. Til hliðsjónar er hægt að hafa hið fasta 5% útflytningsálag en ljóst er að fleiri þættir geta aukið þennan mun, s.s. flutningsleið, tíma frá veiðum, veiðarfæri, aldur og kyn fisksins svo fátt eitt sé nefnt.² Á heimasíðu Fiskistofu má sjá upplýsingar um útflytningsálagið. Hið fasta 5% útflytningsálag er ekki fjarri meðaltali undirvigtar í gánum undanfarin ár en hér að neðan má sjá dæmi um gám hjá Bergi-Hugin undanfarin fjögur ár.

| Sending/ár | Heimavigt | Söluvigt | Undirvigt |
|------------|-----------|----------|-----------|
| BD25/2014 | 9.899 | 9.120 | -7,90% |
| BD25/2015 | 16.971 | 16.120 | -5,00% |
| BD25/2016 | 16.500 | 15.840 | -4,00% |
| BD25/2017 | 7.344 | 6.980 | -5,00% |

- a. Ljóst er að Seðlabankinn aflaði upplýsinga frá Fiskistofu og af heimasíðu hennar sbr. m.a. umfjöllun í kafla 10.3. Aflaði Seðlabankinn upplýsinga um hvort stuðst væri við heimavigtun eða vigtun erlendis og leiðrétti fyrir þeim mun?
4. Eðli málsins samkvæmt hlýst kostnaður af sölu fisks, einkum og sér í lagi þegar salan fer í gegnum umboðsaðila sem og markað, en draga verður slíkan kostnað frá reikningum þar sem það á við svo unnt sé að fá samanburðarhæf verð, sbr. fskj. nr. 7.

¹ Fréttatilkynning frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 9. desember 2009. Aðgengilegt á: <http://www.fiskistofa.is/umfiskistofu/frettir/nr/224>

² Utflutningur á óunnum fiski, dags. maí 2008. Skýrsla starfshóps á vegum sjávarútvegsráðherra. Bls. 7. Aðgengilegt á: https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6540/Skyrslan_A4.pdf?sequence=1

Hér að neðan eru dæmi um sölur í tilviki 62 þar sem búið er að leiðréttu fyrir bæði vigtun og sölukostnaði.

| Tilvik 62 | Tollafrgr.-dags. | Söldags. | Löndunardags. | Heildarvirði sölureiknings | Magn á sölureikning | Klöverð á sölureikn | Sölukostnaður (ef meira selt en karfi þá hlutfallslegur) | Kvótavigt | Heildarvirði með sölukostnaði | Klöaverð mv. söluvirði með sölukostnaði / kvótavigt | % munur |
|---------------|------------------|-----------|---------------|----------------------------|---------------------|---------------------|--|-----------|-------------------------------|---|---------|
| Bergur Huginn | 5.10.2010 | 9.9.2010 | 2.9.2010 | 11.166,00 € | 7.505 | 1,49 € | 1.008 € | 7.880 | 10.157,70 € | 1,29 € | -13,40% |
| Bergur Huginn | 5.10.2010 | 26.8.2010 | 17.8.2010 | 21.057,80 € | 12.011 | 1,75 € | 1.813 € | 12.612 | 19.245,10 € | 1,53 € | -13,00% |
| Bergur Huginn | 5.10.2010 | 2.9.2010 | 25.8.2010 | 35.092,30 € | 17.289 | 2,03 € | 2.594 € | 18.153 | 32.498,00 € | 1,79 € | -11,80% |

a. Dró Seðlabankinn erlendan sölukostnað frá í tilviki samanburðaraðila?

5. Í bréfi, dags. 30. mars 2016, sbr. fskj. nr. 8, sagði Seðlabankinn að í ljósi útskýringa minna við skýrslutöku hjá embætti sérstaks saksóknara, sem bankinn kvaðst meta „að sumu leyti trúverðugar“, yrði nauðsynlegt að framkvæma frekari athugun á útflutningsmarkaði fyrir sjávarafurðir, svo sem með öflun frekari gagna frá Samherja og eftir atvikum frá öðrum útflutningsaðilum. Slíkt yrði svo umfangsmikið að bankanum þótti ekki forsvaranlegt að halda áfram þessum þætti málsins. Halda skal því til haga að í yfirheyrlu yfir mér hjá sérstökum saksóknara þann 7. nóvember 2013 kom ítrekað fram í máli mínu að stærstur hluti karfa sem málið varðaði hefði verið keyptur á markaði eða af öðrum en karfi annars fyrst og fremst meðaflri. Eins og fram hefur komið var einnig bent á þetta í apríl 2012. Í kafla 10 í rannsóknarskýrslu Seðlabankans, sbr. fskj. nr. 2, var tilgreint á sölureikningum Samherja hvaðan fiskafurðin kom auk þess sem fylgiskjöl með sölureikningum samanstóðu af innkaupapöntunum, uppgjörslistum, kvittunum vegna tilkynninga til Fiskistofu um áætlaðan útflutning, endurvigtunarnótum frá löggiltum vigtunarmönnum og tölvupóstum.

a. Hvaða gögn telur Seðlabankinn þörf á að afla til viðbótar við hina haldlöögðu sölureikninga, fylgiskjöl, tölvupósta og bókhaldsgögn?

Sem fyrr segir er óskað eftir fundi með bankaráði og starfsmönnum bankans þar sem bankinn mun gera grein fyrir svörum sínum við framangreindum spurningum.

Í byrjun bréfs þessa gat ég þess að þann 26. október sl. hefði framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits afhent hluta þeirra gagna sem óskað var eftir með tölvupósti til hans þann 10. ágúst sl. Í bréfi framkvæmdastjórans segir að afmáðar hafa verið tilteknar upplýsingar. Meðal þess sem var afmáð eru söladagsetningar en líkt og áður segir eru söladagsetningar ein af mikilvægari forsendum þess að samanburður sé aðferðarfræðilega réttur. Að framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlitsins haldi því fram að það sem eftir sitji skipti einhverju máli sýnir e.t.v. það viðhorf sem bankinn hefur gagnvart þeim sem hann hefur ofsjótt undanfarin ár. Forsvarsmenn bankans virðist líta á mig, samstarfsmenn mína og Samherja sem einhvers konar tilraunadýr sem hægt er að kæra aftur og aftur til að sjá hvort mál „komist í gegnum“ kerfið. Þegar þeir eru svo reknir á gat með rangfærslur, villandi framburð eða yfirklór er því alla jafnan svarað með þagnarskyldu og bankaleynd að vopni. Annað hvort telja forsvarsmenn Seðlabankans okkur það vitlaus að við kokgleypum við rangfærslunum og

yfirhylmingunum sem er á borð bornar eða að við hreinlega gefumst upp. Hvort um sig er rangt.

Það er dapurt að hugsa til þess hvernig sagan fer með Seðlabanka Íslands. Rituð hefur verið bók og gerðir sjónvarpsþættir um hvernig forsvarsmenn hafa misbeitt því valdi sem Alþingi hefur treyst þeim fyrir. Starfshættir gjaldeyriseftirlits bankans, sem nýtur stuðnings og hvatningu seðlabankastjóra, yfirlögfræðings og bankaráðsformanns, eiga fátt ef nokkuð skylt við lögbundna stjórnsýslu. Leyndarhyggja og offors virðast vera orðin aðalsmerki bankans. Peim sem gagnrýna störf bankans hefur verið svarað ýmist með þögn eða með hörku og rangfærslum. Hefur forsvarsmönnum bankans, með seðlabankastjóra, yfirlögfræðing og bankaráðsformann í broddi fylkingar, tekist á ótrúlegan hátt að bíta af sér allt ytra eftirlit bannig að Seðlabanki Íslands er vart ríkisstofnun lengur heldur ríki í ríkinu sem lýtur eigin lögmáli. Er svo komið við að bankinn setur sér sjálfur reglur, túkar þær, breytir, framfylgir og hefur eftirlit. Allt á sömu hendi.

Að því er snertir eftirlitsþáttinn þá virðist hann vera meira tálsýn er raunverulegt eftirlit. Virðist sem seðlabankastjóra sé í sjálfvald sett hvort hann framfylgi fyrirmælum bankaráðs. Má i því sambandi nefna tvö dæmi. Annars vegar hefur seðlabankastjóri hundsað fyrirmæli bankaráðs sem mér var tilkynnt um í bréfi þann 23. janúar sl. Hins vegar má nefna að seðlabankastjóri létt ekki af opinberri umfjöllun um málefni Samherja og tengdra aðila fyrir en bankaráð gerði skriflega samþykkt um að honum bæri að láta þegar í stað af allri slíkri umfjöllun. Í símtali við mig í ágúst sl. kvað hann bókun bankaráðs ekki ástæðuna fyrir því að hann hefði látið af fjölmölaumfjöllun. Svo valkvæð virðast fyrirmæli bankaráðs vera.

Ennfremur má nefna veikburða tilraun bankaráðs í lok árs 2015 til að hreinsa bankann af öllum ásökunum með því að fá Lagastofnun til að gera úttekt á framkvæmd gjaldeyriseftirlits. Sú tilraun var andvana fædd í ljósi þess að verkefni Lagastofnunar var strax takmarkað af bankaráði og aðgengi stofnunarinnar að gögnum og upplýsingum tálmað af starfsmönnum gjaldeyriseftirlitsins. Að lokum lúróu starfsmenn bankans á skýrslunni í hálfri ár áður en hún var birt, ritskoðuð.

Í skjóli eftirlits- og aðgerðarleysis annarra hefur Seðlabankinn ítrekað farið með rangt mál. Líkt og kom fram í sjónvarpsþættinum *Atvinnulífið* þann 10. október sl. hefur Seðlabankinn í seinni tíð reynt að þvo hendur sínar af framkvæmd húsleitarinnar hjá Samherja. Samtímagögn sýna hins vegar svo ekki verður um villst að húsleitin var framkvæmd af og á ábyrgð Seðlabankans.³ Ær þetta aðeins eitt dæmi af mörgum.

Í meðfórum Seðlabankans hafa mikilvæg hugtök misst merkingu sína. Á það einna helst við orðið *meðalhóf*. Ekkert í framgöngu bankans gagnvart Samherja og tengdra aðila getur fallið undir það hugtak. Sem dæmi má nefna tilraunir forsvarsmanna Seðlabankans til að leggja sekt á félagið Kaldbak ehf. vegna einnar bankafærslu að jafnvirði um 21.000 íslenskra króna. Skal ekki nokkur velkjast í vafa um að hugtakið *meðalhóf* getur aldrei réttlætt þann kostnað, tíma og mannafla sem Seðlabankinn setti í að eltast við þessa fjárhæð, og það án þess að farið sé nánar í hvort sá eltingarleikur hafi átt rétt á sér eða ekki.

³ Sjá í þessu sambandi yfirlýsingum Helga Jóhannessonar hrl. á heimasíðu Samherja frá 1. apríl 2012. Ennfremur má vísa til beiðna Seðlabankans um aðstoð við húsleit, dags. 21. og 23. mars 2012, til embættis sérstaks saksóknara og Tollstjóra.

Framangreind dæmi sýna að hvar sem borið er niður, er stjórnsýsla Seðlabankans í molum.

Hef ég staðið í bréfaskriftum við Seðlabankann og bankaráð í á sjötta ár, því miður án mikils árangurs. Staðreyndin er hins vegar sú að á meðan Seðlabankinn heldur áfram ofbeldi gagnvart Samherja verður tekið á móti og mun ég halda áfram að reyna að koma á framfæri réttum upplýsingum, bæði til almennings og stjórnvalda. Þau brot sem framin hafa verið í skjóli hins opinbera valds Seðlabankans verða ekki þögguð niður.

Hafa skal í huga að það er afar alvarlegur hlutur að kæra fólk til löggreglu en það er gert í þeim tilgangi að koma fólk i fangelsi, ekki til að sjá hvort mál „sleppi“ í gegn. Skýrslur Seðlabankans voru gerðar og lagðar fram í því skyni að koma mér í fangelsi. Mikilvægt er að gleyma því ekki þegar aðferðir Seðlabankans í málinu eru skoðaðar.

Þrátt fyrir athugasemdir mínar um störf bankaráðs í gegnum tíðina býr enn innra með mér sú von að þrátt fyrir framgöngu yfirlögfræðings, seðlabankastjóra og bankaráðsformanns í máli bessu, og þrátt fyrir máttleysi bankaráðs til þessa, muni bankaráðsmenn ekki taka lengur þátt í þöggun og leyndarhyggju um brotalamir í starfsemi Seðlabankans. Von míni byggist meðal annars á því að hluti fyrrum bankaráðs virðist hafa neitað að taka þátt í þeim starfsháttum sem seðlabankastjóri, yfirlögfræðingur og bankaráðsformaður hafa innleitt varðandi hlutverki bankaráðs og leituðu til umboðsmanns Alþingis. Tilgangur minn með bréfi þessu og fylgigönum er því að veita bankaráðsmönnum beinan aðgang að gögnum og upplýsingum í stað þess að þær séu matreiddar eða síðar af seðlabankastjóra. Er það von míni að bankaráð líti til þeirra staðreynda og gagna sem fylgja erindi þessu af fyllstu hlutlægni og láti ekki viðhorf i garð sjávarútvegs, míni persónulega eða Samherja hf. hafa áhrif á mat á því sem þar kemur fram.

Í því sambandi vil ég einnig minna á, líkt og kom fram í þáttum *Atvinnulífsins* þann 3. og 10. október sl., að Samherji er ekki eini aðillinn sem hefur mátt þola þessa misbeitingu valds sem óhætt er að kalla ofbeldi. Í krafti mikilla yfirburða og í skjóli meintrar þagnarskyldu hefur Seðlabankinn í gert fjölmargar sáttir og sektir sem í mörgum tilvikum áttu ekki rétt á sér. Þessir aðilar hafa ekki haft neinn málsvara gagnvart Seðlabankanum og hafa, af ótta við viðbrögð Seðlabankans, kosið að þegja. Það mun ég ekki gera.



Þorsteinn Már Baldvinsson
Forstjóri Samherja hf.

Fylgiskjöl:

1. *Greining á verðlagningu Samherja hf. í útflutningsviðskiptum með karfa á tímabilinu 1. apríl 2009 til 31. desember 2011. Unnin í maí 2012.*
2. *Rannsóknarskýrsla. Sala Samherja hf. á heilum ferskum karfa til Icefresh GmbH á tímabilinu 1. apríl 2009 til 27. mars 2012. Dags. 9. október 2013.*
3. *Krafa um úrskurð á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Dags. 18. apríl 2012.*
4. *Dómskjal nr. 5. Útskýring og leiðréttting Samherja á upplýsingum sem koma fram í fylgiskjöldum 24 og 27 í fylgiskjali 2 um fiskverð.*
5. *Minnisblað, dags. 13. maí 2016, sent bankaráði.*
6. *Útprentun af heimasíðu Fiskistofu um útflutningsálag á karfa Bergs-Hugins ehf. úr tilviki 62.*
7. *Reikningur og fylgigögn frá umboðsaðila Bergs-Hugins í Þýskalandi – úr tilviki 62.*
8. *Bréf Seðlabankans, dags. 30. mars 2016.*
9. *Mat á greiningu gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands frá maí 2012 og eigin greining á útflutningsviðskiptum Samherja með karfa á tímabilinu 1. apríl 2009 til 31. desember 2011. Unnið af IFS Ráðgjöf í júní 2013.*